

[Til baka](#)[Prenta](#)

## Oddi bs - 2

**Haldinn Suðurlandsvegi 1-3,  
22.2.2016 og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:** Þorgils Torfi Jónsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Nanna Jónsdóttir og Ágúst Sigurðsson

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson

Einnig sat fundinn undir lið 2. Klara Viðarsdóttir aðalbókari.

### Dagskrá:

## Fundargerðir til staðfestingar

---

### 1. 1512004F - Fræðslunefnd Rangárbings ytra og Ásahrepps - 9

#### Niðurstaða fundar:

Vísað er til umfjöllunar um einstaka liði en fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

#### 1.1. 1508050 - Reglur um innritun í leikskóla

##### Niðurstaða:

Niðurstaða fræðslunefndar;

Lagðar fram endurskoðaðar reglur um innritun í leikskóla. Tillaga um að samþykkja reglurnar eins og þær liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

Niðurstaða stjórnar Odda bs.:

Tillaga um að staðfesta niðurstöðu fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða.

#### 1.2. 1411084 - Skólastefna Rangárbings ytra og Ásahrepps

##### Niðurstaða:

Niðurstaða fræðslunefndar:

Fjallað var um útfærslu áætlunar sbr. 3. gr. samþykkt Odda bs. og á grunni hinnar nýju skólastefnu. Atriði sem útfæra þarf í slíkri áætlun eru m.a. samræming og samstarf skólanna innan Odda bs. Tillaga um að formaður og skólastjórar myndi vinnuhóp til undirbúnings slíkri áætlun sem lögð verði fram í fræðslunefnd á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

Niðurstaða stjórnar Odda bs.:

Tillaga um að staðfesta bókun fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða.

#### 1.3. 1601023 - Átak til eflingar leikskólastigsins

*Afrakstur vinnu starfshóps á vegum fræðslunefndar.*

##### Niðurstaða:

Niðurstaða fræðslunefndar:

Lögð fram greinargerð með tillögum frá starfshópi um eflingu leikskólastigsins. Fræðslunefnd leggur til að tillögur starfshópsins verði hluti af framkvæmdaáætlun Skólastefnu, sbr. lið 2, til næstu ára og telur mikilvægt að tillögunum verði hrundið í framkvæmd eins fljótt og frekast er kostur.

Niðurstaða stjórnar Odda bs.:

Tillögurnar lagðar fram og ræddar. Stjórnin telur að hér sé um metnaðarfullar tillögur að ræða. Skoða þarf fjármögnun átaksins og að hve miklu leyti það getur rúmast innan núverandi fjárhagsáætlunar. Ákveðið að fresta ákvörðun til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

## Almenn mál

---

### 2. 1602055 - Rekstraryfirlit Oddi 22022016

*Yfirlit laun jan*

#### **Niðurstaða fundar:**

Lagt var fram yfirlit um launakostnað í janúar.

## Almenn mál - umsagnir og vísanir

---

### 3. 1601019 - Fyrirspurnir og erindi frá Á-lista 2016

*Erindi frá sveitarstjórn Rangárþings ytra. Möguleiki til vistunar barna úr elsta árgangi í leikskóla á skóladagheimili frá því að leikskóli opnar aftur eftir sumarfrí þar til grunnskóli hefst að hausti.*

#### **Niðurstaða fundar:**

Tillaga um að fela ÁS að reikna út kostnað við slíka vistun miðað við núverandi skipulag og leggja fram á næsta fundi. Jafnframt að kanna hjá leikskólastjórum hvort áhugi sé fyrir slíkri þjónustu meðal foreldra.

Samþykkt samhljóða.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15**

[Til baka](#)

[Prenta](#)